

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Hvönn, landnr. 227468.*

Deiliskipulagið tekur til 3,1 ha spildu á lögbylinu Hvönn, landnr. 227468, sem er nýbýli út frá Torfastöðum, þar sem stundaður verður smábúskapur og ýmis ræktun. Innan byggingarreits verður gert ráð fyrir íbúðarhúsi, skemmu, hesthúsi og ylræktarhúsi.

Ný aðkoma verður af Miklaholtsvegi að landi Hvannar.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 4. nóvember 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2019